



KPMG ehf.
Borgartún 27
105 Reykjavík

Sími 545 6000
Fax 545 6001
Vefsíða www.kpmg.is

Umboðsmaður kröfuhafa og

Hagar hf.
b.t. Finns Oddssonar
Hagasmára 1,
201 Kópavogur

Reykjavík, 23. október 2023

Staðfesting á skýrslu um fjárhagslegar kvaðir í tengslum við árshlutareikning vegna skuldabréfaflokks HAGA021029

Vísað er til veðhafa- og veðgælusamkomulagsins, dags. 1. október 2019, og samnings við staðfestingaraðila. Hugtök sem skilgreind eru í veðhafa- og veðgælusamkomulaginu og samningi við staðfestingaraðila skulu hafa sömu merkingu og þeim er þar gefin.

Vísað er til skýrslu útgefanda um fjárhagslegar- og sérstakar kvaðir, dags. 18. október 2023.

Staðfestingaraðili hefur farið yfir skýrslu útgefanda um fjárhagslegar- og sérstakar kvaðir, verðmat sem liggar til grundvallar og aðrar upplýsingar sem skýrslan byggir á. Að lokinni sjálfstæðri yfirferð eru niðurstöður staðfestingaraðila eftirfarandi:

Þann 31. ágúst 2023 voru viðkomandi fjárhagslegar- og sérstakar kvaðir eftirfarandi:

1. Vaxtaþekja

EBITDA 12 mánaða tímabils frá 1. september 2022 – 31. ágúst 2023 nam 11.997 m.kr. Á sama tímabili námu vaxtagjöld 2.254 m.kr. Vaxtaþekja tímabilsins telst því vera $11.997/2.254$ eða 5,3 en kvaðir í skuldabréfaflokki HAGA021029 eru að vaxtaþekja sé eigi lægri en 2.

2. Eiginfjárlutfall

Eigið fé Haga þann 31. ágúst 2023 nam 27.381 m.kr. Samtala efnahagsreiknings sama dag nam 75.487 m.kr. Eiginfjárlutfall Haga 31. ágúst 2023 er því $27.381/75.487$ eða 36,3%. Fjárhagslegar kvaðir í skuldabréfaflokki HAGA021029 eru að eiginfjárlutfall sé eigi lægra en sem nemur 25%

Yfirferð staðfestingaraðila á fjárhagslegum- og sérstökum kvöðum samræmist mati útgefanda og skýrsla um fjárhagslegar og sérstakar kvaðir því staðfest.

Fyrir hönd staðfestingaraðila

KPMG ehf.

Hulga Þórhildottir

